# AÐ STILLA TILKYNNINGAR (NOTIFICATIONS) Í TEAMS

## Í tölvu

Hægt er að setja upp og stilla tilkynningar á ýmsan hátt í Teams.

Til að skoða og breyta stillingum skaltu smella á þrípunktinn vinstra megin við prófílmyndina þína og velja **Stillingar** (Settings). Inni í Stillingum velur þú svo **Tilkynningar og aðgerðir** (Notifications and activity) vinstra megin á skjánum.






## Hljóð (Sound)

Þú getur stillt hvort og í hvaða tilfellum þú vilt að hljóð fylgi tilkynningum.




ATH! Áríðandi og forgangstilkynningar tengiliða eru þær færslur (í rásum) eða skilaboð (í spjall) sem tengiliðir þínir hafa merkt sérstaklega sem áríðandi eða mikilvægar

Hægt er að velja hvers konar hljóð er sent með tilkynningum. Þú getur annað hvort smellt á hvert og eitt nafn á hljóði á listanum og smellt á **> spila** (play) hnappinn, eða látið músina renna yfir (hover) nöfnin á listanum, til að heyra hljóðdæmi




## Birta (Display)

Undir **Birta** (Display) er hægt að velja hvort þú vilt fá tilkynningar um skilaboð og annað upp á tölvuskjáinn (þegar þú ert ekki að vinna í Teams).
Þá getur þú einnig valið hvort og hvenær þú vilt fá tölvupóst um það sem þú hefur misst af í **Aðgerðir** (Activity)




## Spjall og rásir (Chat and Channels)

Næst, undir **Spjall og rásir** (Chats and channels), er hægt að stilla tilkynningar vegna skilaboða í **spjalli** (chat) eða **merkinga** (mentions)

**Tilkynningar vegna @merkinga**:

a. **Rás og hópur** (Channel and team): Ef þú vilt fá tilkynningu þegar rás eða svæði sem þú tilheyrir er @merkt
b. **Merkja** (Tag): Ef þú vilt fá tilkynningu þegar skilgreindur hópur sem þú tilheyrir en er ekki rás eða svæði er @merktur
c. **Allir í spjalli** (Everyone in chat): Ef þú vilt fá tilkynningu þegar allir (everyone) í spjallhópnum eru @merktir
d. **Persónulegar**: Ef þú vilt fá tilkynningu þegar þú ert persónulega @merkt(ur)

**Ólíkar birtingamyndir tilkynninga:**

**Sýna í Virkni** (Activity): Tilkynningar birtast í **Aðgerðir** (Activity) og það er rauður punktur (með tölustaf – sem táknar fjölda ólesinna aðgerða) við táknið þegar það er ný virkni

**Sýna í Virkni og borða** (Activity and banner): Tilkynningar birtast í Aðgerðir (Activity) en líka sem pop-up gluggi á skjánum þínum




Neðar í **Spjall og rásir** er að finna stillingar fyrir aðrar tilkynningar sem tengjast spjalli og rásum:

e. **Svör við færslum og svörum á rásunum mínum**: Ef þú vilt fá tilkynningu þegar einhver svarar þinni færsu (post) eða þínu svari við færslu
f. **Svör við þráðum sem fylgst er með**: Ef þú vilt fá tilkynningu þegar einhver sendir inn  svar í spjallþráð sem þú ert að fylgjast með
g. **„Líkar þetta“ og viðbrögð**: Ef þú vilt fá tilkynningu þegar einhver setur „líkar þetta“ (like) eða viðbrögð (emoji) við færslu/svar frá þér
h. **Færslur í sýndum og festum rásum**: Ef þú vilt fá tilkynningu þegar einhver setur inn færslu (post) í rás sem er sýnd eða fest (rás sem þú hefur aðgang að og er ekki búið að fela/þagga)



## Fundir

**Fundir** (Meetings): Hægt er að fá tilkynningar þegar fundir eru að hefjast og þegar einhver hefur boðið þér fund með **Funda núna** (Meet now). Þá er hægt að velja stillingu vegna **spjalls** (chat) sem fram fer á fundi




## Dagbók (Calendar)

Að lokum er hægt að fá/stilla tilkynningar vegna fundarboða í **Dagbók** (Calendar)

